# Vortónleikar

# Selkórinn

Árni Arinbjarnarson orgel
Ólafur Kjartan Sigurðarson barítón
Peter Máté píanó

í Seltjarnarneskirkju
Uppstigningardagur 9. maí 2002 kl. 20.30

Stjórnandi: Jón Karl Einarsson

Franska skáldið og menntakonan Madame de Staël ritaði árið 1810 að list ætti að spretta upp úr hinum frumstæða jarðvegi og á þann hátt verða frumleg. Í stað þess að eltast við hrein og glæsileg form ætti listin að „lyfta sálinni og nálgast það að vera andlega, tilfinningalega og atferlislega upphafin"....

Saga Frakklands var mjög róstusöm og ástríður manna því eins hástemmdar í listum og á öðrum sviðum mannlífsins. ..Alla nítjándu öldina var sífellt verið að skipta um stjórnendur og stjórnkerfi og hvergi í hinum siðmenntaða heimi hafði ríkt eins mikil óvissa í stjórnarháttum. París var einnig spennandi staður og með jákvæðari hætti og víst er að Chopin taldi borgina „fallegasta stað á jörðinni...og hér hef ég kynnst fremstu tónlistarmönnum samtímans og séð bestu óperu í heimi".

(Úr „Sögu vestrænnar tónlistar" eftir Christopher Headington. Þýð. Jón Ásgeirsson 1987)

Á tónleikunum í kvöld flytur Selkórinn eingöngu franska trúarlega tónlist frá þessum tíma, utan hið fyrsta, sem kannski ekki fellur alltaf að þeirri rómantísku skilgreiningu á list sem fram kemur hér að framan. Sennilega vegna áhrifa frá tónmáli frönsku þjóðlaganna losnuðu frönsk tónskáld fyrr en önnur úr viðjum „dúr og moll kerfisins" Þannig eru þau verk sem við flytjum í kvöld eftir Gounod og Berlioz mjög klassísk verk, en verk Fauré, Saint-Saëns og César Frank eru meira frönsk en klassísk. Um alla Evrópu voru menn að semja trúarlega tónlist, en við höfum kannski ekki heyrt svo mikið af hinni frönsku á Íslandi. Ástæðan er sennilega sú að íslenskir tónlistarmenn hafa aðallega sótt menntun sína til Mið-Evrópu og tónlist þaðan hugsanalega átt greiðari leið að íslenskum áheyrendum.

Tónlistin er að mestu samin við hefðbundinn trúarlegan texta sem við þekkjum, og sýnir að þeim svipar saman hjörtunum í Súdan og Grímsnesinu!

## Selkórinn

Selkórinn var stofnaður á Seltjarnarnesi árið 1968 og er því að ljúka sínu 34 starfsári. Starf kórsins er fjölbreytt, hann heldur árlega jóla- og vortónleika og kemur auk þess oft fram við önnur tækifæri í heimabæ sínum á Seltjarnarnesi og víðar. Kórinn hefur ferðast nokkuð erlendis, ma. um Norðurlöndin og tók td. þátt í Zempléni Arts Festival í Ungverjalandi árið 1995 og fór í söngferð til norður Ítalíu sumarið 1998.

Viðfangsefni kórsins hafa verið íslensk og erlend tónlist af ýmsum toga, alþýðleg sönglög, ættjarðar-tónlist, sálmar og messur eftir meistarana. Af viðfangsefnum síðustu ára má nefna Te Deum eftir Mozart, Messu í G-dúr eftir Schubert, Ástarvalsa Brahms og Jesu Meine Freude eftir J. S. Bach.

Í október 1998 söng kórinn Messu í C dúr k 220 eftir Mozart og Requiem eftir Gabriel Fauré ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Bernaharðar Wilkinsonar. Í maí 2000 sameinaðist kórinn Söngsveitinni Fílharmoníu við frumflutning Immanúels eftir Þorkel Sigurbjörnsson ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands. Stjórnandi var Bernharður Wilkinson. Í nóvember 2001 hélt kórinn stóra tónleika í Borgarleikhúsinu í Reykjavík og flutti þá Misa Criolla eftir Ariel Ramires á samt Bubba Mortens og Jóhanni Helgasyni auk hljómsveitar. Jón Karl Einarsson hefur stjórnað Selkórnum frá 1991.

**Jón Karl Einarsson** stjórnandi Selkórsins útskrifaðist frá tónmenntadeild Tónlistarskólans í Reykjavík árið 1976. Hann kenndi tónmennt við Barnaskólann á Akranesi frá 1976 til 1979, er hann var ráðinn skólastjóri Tónlistarskólans á Akranesi. 1976 stofnaði hann Barnakór Akraness sem vann til verðlauna í alþjóðlegri kórakeppni á Spáni árið 1984. Jón Karl var ráðinn skólastjóri Tónlistarskólans á Seltjarnarnesi 1985 og stjórnaði þá kór Kennaraháskólans. Hann hefur verið stjórnandi Selkórsins síðan vorið 1991.

**Árni Arinbjarnarson** stundaði orgelnám hjá dr. Páli Ísólfssyni og lauk burtfararprófi í orgelleik frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1960. Áður hafði Árni lokið burtfararprófi í fiðluleik frá sama skóla en kennari hans í fiðluleik var Björn Ólafsson.

Árni stundaði framhaldsnám í fiðlu- og orgelleik í London. Hlaut hann til þess styrk frá British Council. Árni hefur starfað sem fiðluleikari í Sinfóníuhljómsveit Íslands og orgelleikari í ýmsum kirkjum. Hann er nú kennari í fiðluleik við Nýja tónlistarskólann og orgelleikari við Grensáskirkju í Reykjavík.

**Ólafur Kjartan Sigurðarson** barítón nam við Söngskólann í Reykjavík hjá Guðmundi Jónssyni, við Royal Academy of Music í London og Royal Scottish Academy of Music and Drama í Glasgow, en þaðan lauk hann Mastersgráðu sumarið 1998. Hann er fastráðinn söngvari við Íslensku Óperuna 2001 – 2003.

Nýleg óperuhlutverk Ólafs Kjartans eru m.a. PAPAGENO í TÖFRAFLAUTUNNI, SCHAUNARD í LA BOHEME og TARQUINIUS í THE RAPE OF LUCRETIA hjá Íslensku Óperunni.

Ólafur Kjartan hefur komið fram á fjölda tónleika í Bretlandi, Frakklandi og á Íslandi. Hann hefur komið fram í Glasgow Royal Concert Hall með Royal Scottish National Orchestra og á tónleikum í St. Martin-in-the-Fields í London. Að auki hefur hann komið fram í BBC Radio Scotland.

Af verkefnum sem bíða Ólafs Kjartans má nefna óperutónleika með Sinfóníuhljómsveit Íslands, TONIO í PAGLIACCI á Holland Park Festival í London og FIGARO í RAKARANUM Í SEVILLA hjá Íslensku Óperunni, sem og fjölda tónleika hér heima sem erlendis.

**Peter Máté** er fæddur í Roznava í Tékkóslóvakíu, hann lærði hjá Ludmilu Kojanová í Kosice og Valentinu Kameníková við Tónlistarakademíuna í Prag. Á námsárunum vann hann til margra verðlauna í heimalandi sínu og síðar í alþjóðlegum keppnum, svo sem í Vercelli og Enna á Ítalíu 1986 og 1989. Peter hefur verið búsettur á Íslandi frá árinu 1990 og kennir nú við Listaháskóla Íslands og Tónlistarskólann í Reykjavík. Hann hefur haldið einleikstónleika, leikið einleik með ýmsum sinfóníuhljómsveitum og tekið þátt í kammertónleikum víða í Evrópu og Bandaríkjunum.

## Fróðleiksmolar

**Léon Boëllmann** (1862-1897) var fæddur í Alsace og er þekktur fyrir orgelverk sín, þó sérstaklega fyrir Gotnesku svítuna. Hann var organisti við St. Vincent-de-Paul kirkjuna í París frá árinu 1881.

**Jean-Philippe Rameau** (1683-1764) var leiðandi tónskáld Frakklands á sínum tíma. Hann fæddist tveimur árum á undan Händel og Bach og var á fyrri hluta ævi sinnar organisti við dómkirkjuna í Clairmont. Árið 1723 fluttist hann til Parísar og gaf út fjölda eigin tónverka fyrir harpsicord.

**Charles Gounod** (1818-1893) hafði mikil áhrif á frönsk tónskáld á miðri 19. öldinni. Hann nam við tónlistarháskólann í París þar sem hann vann „Prix de Rome" verðlaunin árið 1837. Eftir að hafa dvalið erlendis um skeið, þar sem hann aflaði sér þekkingar á eldri og samtímatónlist, starfaði hann sem organisti í París. Hann varð vinsæll í leikhúsinu, sérstaklega fyrir óperuna Faust árið 1859.

**Hector Berlioz** (1803-1869) var rómantískt tónskáld. Hann var leiðandi sem slíkur og var einn ötulastur skapari slíkrar tónlistar. Í tónlist Berlioz má sjá mikinn tilfinningahita sem oft brýtur hefðirnar. Berlioz var alinn upp í kaþólskum sið en yfirgaf kirkjuna fljótt og gerðist efasemdamaður í trúmálum. Faðir hans þvingaði hann til náms í læknisfræði en hann yfirgaf skólann og hóf nám í tónlistarháskólanum í París.

**Gabriel Fauré** (1845-1924) hafði margþætt áhrif á tónlistariðkun í heimalandi sínu, Frakklandi. Hann var orgelleikari, meðal annars við Madeleinekirkjuna, og prófessor í tónsmíðum við tónlistar-háskólann í París. Þar hafði hann áhrif á sér yngri tónskáld, meðal annarra Ravel. Hann stjórnaði tónlistarháskólanum í hálfan annan áratug undir lok starfsferils síns og stóð þar fyrir mikilvægum endurbótum. Fauré var menntaður í hefðbundinni kirkjutónlist, sem sumum þykir skýra þann tæra formfasta blæ sem oft setur svip á verk þessa rómantíska tónskálds.

**C. Saint – Saëns** (1835-1921) er oft lýst sem hins franska Mendelssohn. Hann var hæfileikaríkur og bráðþroska sem barn. Hann þreytti frumraun sína sem píanóleikari 10 ára gamall og í 20 ár var hann organisti í Madeleinekirkjunni í París. Hann kenndi við Ecole Niedermeyer þar sem einn nemenda hans var Gabriel Fauré. Saint-Saëns samdi mikið magn tónlistar fyrir fjölbreytta hljóðfæraskipan og söng. Hann ferðaðist mikið um Evrópu, Ameríku, Suður-Ameríku og Austurlönd fjær, en vinsældir hans höfðu dvínað nokkuð þegar hann lést árið 1921.

# Efnisskrá:

**Choral nr. 3 í a-moll**
César Franck
Orgel: Árni Arinbjarnarson

**Dominus virtutum**
Úr módettunni Deus noster refugium
Jean-Philippe Rameau
Selkórinn
Orgel: Árni Arinbjarnarson

**Messe brève no. 7**
Charles Gounod
Selkórinn
Dúett: Jón Mattíasson og Stefán Hermannson
Orgel: Árni Arinbjarnarson

**Libera me**
Úr Requiem
Gabriel Fauré
Selkórinn
Einsöngur: Ólafur Kjartan Sigurðarson
Orgel: Árni Arinbjarnarson

**Gotnesk svíta**
L. Boëllmann
I. Kóral II. Menuett
III. Prière à Notre-Dame IV. Toccata
Orgel: Árni Arinbjarnarson

**Panis Angelicus**
C. Saint – Saëns
Selkórinn
Orgel: Árni Arinbjarnarson

**Psalm 150**
César Franck
Selkórinn
Píanó: Peter Máté

**Úr Missa Solenelle**
Offertoire og Sanctus kaflar
Hector Berlioz
Selkórinn
Einsöngur: Ólafur Kjartan Sigurðarson
Píanó: Peter Máté

# Textar

## Dominus virtutum **Úr módettunni Deus noster refugium** ***Jean Philippe Rameau***

Dominus virtutum nobiscum,
susceptor noster Deus Jacob.

Drottinn hersveitanna er með oss,
Jakobs Guð vort vígi.

Úr 46. Davíðssálmi, en latneski texti er þaðan tekinn:
Guð er oss hæli og styrkur, örugg hjálp í nauðum.
Fyrir því hræðumst vér eigi, þótt jörðin haggist
og fjöllin bifist og steypist í skaut sjávarins.

## Libera me **Úr Requiem** ***Gabriel Fauré***

Libera me, Domine, de morte aeterna,
in die illa tremenda
Quando coeli movendi sunt et terra
Dum veneris judicare saeculum per ignem.
Tremens factus sum ego et timeo,
dum discusio venerit atque ventura ira
Dies illa, dies irae, calamitatis et miseriae
Dies illa, dies magna et amara valde
Requiem aeternam dona eis, Domine
et lux perpetua luceat eis
Libera me, Domine ...

Drottinn, frelsa mig frá eilífum
dauða, á hinum hinsta degi.
Þegar himinn og jörð munu skjálfa.
Þegar þú kemur að dæma heiminn með eldi.
Ég skelf af ótta, bíð dags
uppgjörsins og refsingar þinnar.
Sá dagur reiði, hörmung og hugarangurs.
Ó, sá dagur, svo stór og svo beiskur.
Drottinn, gef þeim eilífa hvíld
og þitt eilífa ljós lýsi þeim.
Drottinn, frelsa mig ...

## Messe brève no. 7 *Charles Gounod*

**Kyrie**
Kyrie eleison.
Christe eleison.
Kyrie, Kyrie eleison.

**Gloria**
Gloria in excelsis Deo,
Et in terra pax hominibus
bonae voluntatis.
Laudamus te, benedicimus te,
adoramus te, glorificamus te.
Gratias, gratias agimus tibi
propter magnam gloriam tuam.
Domine Deus, Rex coelestis,
Deus Pater omnipotens.

**Domine Fili unigenite**
Domine Fili unigenite,
Jesu Christe, Jesu Christe,
Domine Deus, Domine Deus,
Agnus Dei, Filius Patris.

Qui tollis peccata, peccata mundi
miserere nobis, miserere nobis,
Qui tollis peccata, peccata mundi
suscipe deprecationem nostram.
Qui sedes qui sedes ad dexteram Patris.
miserere nobis, miserere nobis,

Quoniam tu solus sanctus, tu solus Dominus,
to solus Altissimus, Jesu Christe
Cum Sancto Spiritu, cum Sancto Spiritu,
in gloria Dei Patris,
cum Sancto Spiritu, cum Sancto Spiritu,
in gloria Dei Patris.
Amen.

**Sanctus**
Sanctus, Sanctus, Sanctus Dominu Deus Sabaoth.
Pleni sunt coeli et terra gloria tua.
Hosanna in excelsis,

**O salutaris hostia**
O salutaris hostia,
quae coeli pandis ostium:
Bella premunt hostilia,
da robur fer auxilium,
O salutaris hostia,

**Agnus Dei**
Agnus Dei, qui tollis peccata mundi:
misereree nobis.

Agnus Dei, Agnus Dei Agnus Dei
qui tollis peccata mundi:
dona nobis pacem.

**Kyrie**
Drottinn miskunna þú
kristur miskunna þú.

**Gloria**
Dýrð í upphæðum Guði
og mönnum sem hann hefur velþóknun á
Vér lofum þig, við dáum þig, við tignum þig
Vér færum þér þakkir fyrir mikla dýrð þína
Drottinn guð, himna konungur, guð faðir almáttugur.

**Domine Fili unigenite**
Þú guðs son eingetinn, Jesús Kristur,
þú drottinn guð, lamb guðs, sonur föðurins
sem ber heimsins syndir,
miskunna þú okkur því þú einn ert heilagur,
þú einn ert drottinn, þú einn hinn hæstur, Jesús Kristur.
Með heilögum anda í dýrð guðs föður.
Amen.

**Sanctus**
Heilagur drottinn guð.
Himnarnir og jörðin eru full af dýrð þinni.

Dýrð í upphæðum.

**O salutaris hostia**
Ó, þú blessaða fórnarlamb
sem opnar dyr himins
hin fjandsamlegu stríð herja á
gefðu styrk
færðu hjálp.

**Agnus Dei**
Guðs lamb, sem berð syndir heimsins, miskunna þú oss.

## Panis Angelicus *C. Saint – Saëns*

Panis angelicus fit panis hominum;
Dat panis caelicus figuris terminum.
O res mirabilis! manducat Dominum
Pauper, servus, et humilis.

Te trina Deitas unaque poscimus,
Sic nos tu visitas, sicut te colimus.
Per tuas semitas duc nos quo tendimus,
Ad lucem quam inhabitas.
Ad lucem quam inhabitas.

Panis angelicus fit panis hominum.
Amen.

Brauð engla er orðið brauð mannanna.
Himneska brauðið bindur enda á takmarkanir.
Ó himnasending! Á Drottni nærist fátækur, þræll og auðmjúkur.

Þig, þríeinan guð, biðjum við.
Kom þú til okkar, eins og við tilbiðjum þig.
Leiddu okkur þinn veg
að ljósinu sem þú býrð yfir.
Amen.

## Psalm 150 *César Franck*

Alleluja alleluja

Louez le Dieu, caché dans ses saints tabernacles,
louez le Dieu qui règne en son immensité.
Louez le dans sa force et ses puissants miracles,
Louez le dans sa gloire et dans sa majesté

Louez le par la voix des bruyantes trompettes,
que pour lui le nébel se marie au kinnor.
Louez le dans vos fêtes au son du tambourin,
sur l´orgue et sur le luth chantez, chantez encor.

Que pour lui dans vos mains résonne la cymbale,
la cymbale aux accords éclatants et joyeux.

Que tout souffle vivant, tout soupir qui s´exhale,
dise: louange à lui, louange au Roi des cieux.
Louez le Dieu, caché dans ses saints tabernacles,
louez le Dieu qui règne en son immensité.

Louez le dans sa force et ses puissants miracles,
louez le dans sa gloire et dans sa majesté.
Louez le par la voix des bruyantes trompettes,
que pour lui le nébel se marie au kinnor.

Louez le dans vos fêtes chantez, chantez toujours
Alleluja, alleluja.

Halelúja.
Lofið Guð í helgidómi hans,
lofið hann í voldugri festingu hans!
Lofið hann fyrir máttarverk hans,
lofið hann eftir mikilleik hátignar hans!
Lofið hann með lúðurhljómi,
lofið hann með hörpu og gígju!
Lofið hann með bumbum og gleðidansi,
lofið hann með strengleik og hjarðpípum!
Lofið hann með hljómandi skálabumbum,
lofið hann með hvellum skálabumbum!
Allt sem andardrátt hefir lofi Drottin!
Halelúja!

Davíðsálmur 150

## Úr Missa Solenelle **Offertoire og Sanctus kaflar** ***Hector Berlioz***

**Offertoire**
Quis, quis similis tui, quis in fortibus, Domine, quis similus tui?
Magnificus in sanctitate, terribilis, terribilis atque,
laudabilis, atque laudabilis, et faciens mirabilia.

Magnificus in sanctitate, terribilis, terribilis et faciens
mirabilia, magnificus, terribilis et laudabilis, et faciens
mirabilia, mirabilia, faciens mirabilia.

Sanctus Dominus Deus Sabaoth.
Pleni sunt coeli et terra gloria sua.
Hosianna in excelsis.
Benedictus qui venit in nomine Domine
Hosanna, hosanna,
hosanna in excelsis.

**Offertoire**
Hver er líkur þér, Drottinn, hver meðal hinna sterku er líkur þér?
Mikilfenglegur í heilagleika, ógnvekjandi,
lofsamlegur og gerir kraftaverk.

**Sanctus**
Heilagur Drottinn Guð.
Himnarnir og jörðin eru full af dýrð þinni.
Dýrð í upphæðum.
Blessaður er sá sem kemur í nafni Drottins.

Textar, aðrir en Davíðssálmar eru lauslega íslenskaðir af nokkrum kórfélögum og félögum þeirra.

# Selkórinn

| Sópran | Alt | Tenór | Bassi |
|---|---|---|---|
| Guðrún E. Gunnarsdóttir | Álfhildur Álfþórsdóttir | Björn Grímsson | Árni Vilhjálmsson |
| Helga Gunnlaugsdóttir | Arndís Inga Sverrisdóttir | Egill Sigurðsson | Ásmundur Hafsteinsson |
| Hekla Pálsdóttir | Bergþóra S. Þorbjarnardóttir | Gunnlaugur A Ragnarsson | Bjarki Harðarson |
| Helga Kristín Haraldsdóttir | Birna E. Óskarsdóttir | Haraldur Þráinsson | Ísleifur Patrick Friðriksson |
| Hrafnhildur Óttarsdóttir | Guðrún Hafsteinsdóttir | Jón Matthíasson | Jóhann Thoroddsen |
| Inga Erlingsdóttir | Guðrún Sigþórsdóttir | Páll Gunnlaugsson | Ludvig Guðmundsson |
| Málfríður Finnbogadóttir | Helga Hafsteinsdóttir | Sigurður J. Grétarsson | Sigurbjörn Einarsson |
| Nanna Guðmundsdóttir | Hróðný Garðarsdóttir | Valdimar G. Guðmundsson | Sigurður Geirsson |
| Ólína Thoroddsen | Jóna Borg Jónsdóttir | | Skúli Þór Magnússon |
| Svanfríður Blöndal | Pálína Magnúsdóttir | | Stefán Hermannsson |
| Vilhelmína Magnúsdóttir | Steinunn H. Hannesdóttir | | Sturla Már Jónsson |
| Þóra Björg Álfþórsdóttir | Þóra Einarsdóttir | | |
| Þórdís Einarsdóttir | | | |
| Þórdís Sigurðardóttir | | | |
| Þórunn Ólafsdóttir | | | |

## Selkórinn þakkar eftirtöldum stuðninginn

A&P Árnason Intellectual Property Group

ASK - Arkitektar Skógarhlíð18, Reykjavík

Auglýsingastofa Þórhildar, Skólavörðustíg 14, Reykjavík

Bergís ehf. Réttarhálsi 4, Reykjavík

Bílson ehf., Ármúla 15, Reykjavík

Espressobarinn – Blómastofan Eiðistorgi

BYKÓ Hringbraut

Búseti hsf., Skeifunni 19, Reykjavík

Danfoss hf. Skútuvogi 6, Reykjavík

Háskólafjölritun, Fálkagötu 2, Reykjavík

HP-húsgögn, Ármúla 44, Reykjavík

Hjólbarðaviðgerðir Vesturbæjar, v/Essó Ægissíðu

JBP – Blikksmiðja, Ægisgötu 7, Reykjavík

LOGOS Lögmannsþjónusta, Efstaleiti 5, Reykjavík

Mosaik ehf., Hamarshöfða 4, Reykjavík

NESfréttir, fréttablað Seltjarnarnesi

Úrval Útsýn, tónlistardeild